

**Ársfundur Almenna lífeyrissjóðsins 2014 –Fundargerð**  
Haldinn á Reykjavík Natura, Reykjavík 18. mars 2014 kl. 17:15

Sigurbjörn Sveinsson formaður stjórnar Almenna lífeyrissjóðsins setti fundinn kl. 17:20 og gerði tillögu um Ólaf Gústafsson, hæstaréttarlögmann, sem fundarstjóra. Tillagan var samþykkt með lófaklappi.

Fundarstjóri tók til starfa og gerði tillögu um Hrönn Sveinsdóttur framkvæmdastjóra rekstrarsviðs Fjarskipta hf. og stjórnarmann í Almenna lífeyrissjóðnum, sem fundarritara. Enginn gerði athugasemd við það og fundarritari tók til starfa.

Fundarstjóri gerði grein fyrir fundarboði. Fundurinn skal skv. 7. gr. samþykka sjóðsins boðaður með 14 daga fyrirvara. Fundurinn var boðaður með bréfi til sjóðfélaga sem var sent út með yfirlitum þann 10. febrúar sl. Fundurinn var formlega boðaður á heimasíðu sjóðsins og með auglýsingum í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu þann 3. mars 2014.

Samkvæmt ofangreindu er fundurinn löglega boðaður og lýsti fundarstjóri fundinn lög-mætan.

**Dagskrá fundarins var eftirfarandi:**

Dagskrá.

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningur 2013 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs.
3. Kynning á fjárfestingarstefnu Almenna lífeyrissjóðsins.
4. Tillögur um breytingar á samþykktum.
5. Kosning stjórnar.
6. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags.
7. Ákvörðun um laun stjórnar.
8. Önnur mál.

Því næst var gengið til dagskrár fundarins og lagði fundarstjóri til að umræður og fyrirspurnir verði saman um dagskrárlíð 1-3.

1. Skýrsla stjórnar  
**Sigurbjörn Sveinsson**, formaður stjórnar

Skýrsla stjórnar er með prentuðum ársreikningi og ræða Sigurbjörns Sveinssonar er fylgiskjal með fundargerðinni.

Sigurbjörn tók til máls og fór yfir afkomu sjóðsins á liðnu starfsári. Afkoman hefur verið mjög viðunandi, ávöxtunarleiðir Almenna lífeyrissjóðsins hækkuðu um 2,1% til 8,2% að nafnvirði á árinu 2013, raunávöxtun var jákvæð í öllum söfnum fyrir utan Ríkissafn langt sem lækkaði um 1,5% að raunvirði vegna hækkunar á ávöxtunarkröfu langra ríkisskuldabréfa. Hæst var raunávöxtunin á Ævisafni I eða 4,4%. Árið 2013 er þriðja árið í röð sem blandaðar ávöxtunarleiðir skila góðri ávöxtun og hefur Ævisafn I skilað 7,2% raunávöxtun á ári sl. þrjú ár og samtryggingarsjóður 5,9%.

Raunverulegur rekstrarkostnaður á árinu nam 405 m.kr. sem er 0,2% umfram áætlun fyrir árið 2013. Markmið sjóðsins er að kostnaðarhlutfallið verði lægra en 0,3% á næstu árum, en það gæti reynst erfitt vegna aukins kostnaðar við rekstur, meðal annars við rekstur upplýsingakerfa, svo eitthvað sé nefnt. Mikilvægt er fyrir sjóðinn að treysta samstarf um hagræðingu í rekstri. Verður í þeim efnum að líta til framtíðar en ekki fortíðar og skoða samvinnu og jafnvel samruna við aðra lífeyrissjóði með opnum huga, kjarki og hugrekki.

Þá vék Sigurbjörn að tryggingafræðilegri stöðu í árslok 2013. Áfallnar skuldbindingar voru 4,4% hærrí en eignir sjóðsins, núvirði framtíðariðgjalda var 1,0% hærra en áætlaðar framtíðar skuldbindingar og heildarskuldbindingar voru 2,2% umfram heildareignir.

Sigurbjörn upplýsti að stjórn hefur rætt mögulegar leiðir til að auka lýðræðið í sjóðnum, eins og heitið var á síðasta ársfundi 2013. Allar breytingar af þessu tagi á samþykktum krefjast ítarlegrar umræðu, kynningar og helst eins víðtækrar þátttöku sjóðsfélaga eins kostur er á.

Stjórnarmenn reyndust ekki einhuga í afstöðu sinni til þessa viðfangsefnis og leggur stjórnin engar tillögur til breytinga á samþykktum fyrir ársfundinn. Það er þó samstaða um það í stjórninni, að gjarnan megi ræða áfram tiltekin atriði, sem leitt gætu til aukins lýðræðis við stjórn sjóðsins, yrðu þau að veruleika. Stjórnin telur mikilvægt á þessu stigi, þ.e. ef gera á tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins að þessu leyti á næsta ársfundi, að fá skírt umboð fundarins til þeirrar vinnu með sérstakri samþykkt.

#### **Stjórnin leggur því fyrir fundinn tillögu til ályktunar sem er svohljóðandi:**

„Ársfundur Almenna lífeyrissjóðsins, haldinn í Reykjavík, þriðjudaginn 18. mars 2014, felur stjórn að gera tillögur til næsta ársfundar um breytingar á samþykktum sjóðsins, sem gerir kleift, að sjóðfélagar geti með rafrænum hætti, tekið þátt í atkvæðagreiðslu um þau málefni, sem fundurinn þarf að afgreiða og greitt rafræn atkvæði við stjórnarkjör.

Ennfremur felur fundurinn stjórninni að endurmeta gildandi takmörk á þeim umboðum, sem einstakir sjóðfélagar geta tekið með sér á ársfund og gera tillögur um breytingar, ef nauðsynlegar þykja.“

Verður þessi tillaga til umræðu undir liðnum önnur mál.

Sigurbjörn rifjaði upp að á árinu 2012 skipaði stjórn Læknafélags Íslands vinnuhóp til að yfirfara kafla í skýrslu Úttektarnefndar lífeyrissjóða um Almenna lífeyrissjóðinn. Vegna málalíbúnaðar í skýrslu vinnuhópsins ákvað stjórn sjóðsins að ráða óvilhallan og lögfróðan aðila til að yfirfara skýrsluna og var Björn L. Bergsson hrl. fenginn í verkefnið. Björn skilaði stjórninni álit í desember 2013 sem hefur verið birt á heimasíðu sjóðsins. Í því eru gerðar athugasemdir við bókanir í fundargerðum stjórnar, um ákvarðanir um viðskipti og viðbrögð við ábendingum innri endurskoðanda. Að öðru leyti er meginniðurstaða álitsins sú, að sjóðurinn hafi á hverjum tíma starfað til samræmis við lög og reglur og verið innan fjárfestingarheimilda. Sjóðurinn hefur bætt fundargerðir og eru bókanir nú ítarlegri til að tryggja betur rekjanleika ákvarðana og forsendur þeirra. Með vísan í álitinu er það mat stjórnar, að ekki sé tilefni til að aðhafast frekar vegna málalíbúnaðar í skýrslu vinnuhóps Læknafélags Íslands.

Sigurbjörn þakkaði að lokum framkvæmdastjóra og starfsmönnum sjóðsins fyrir gott starf á liðnu starfsári.

2. Ársreikningur 2013 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri gerði grein fyrir ársreikningi sjóðsins og tryggingafræðilegri athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs.

Ársreikning og kynningu Gunnars má í heild sinni finna á vefnum [www.almenni.is](http://www.almenni.is).

Helstu tölur ársreiknings eru eftirfarandi:

- Sjóðurinn stækkaði samtals um 13,5 milljarð á árinu eða um 10%, úr 129,0 ma kr. í 142,5 ma kr. í lok síðasta árs.
- Séreignarsjóður stækkaði um 9% úr 69,5 ma kr. í 76,1 ma kr. í lok árs 2013. Samtryggingarsjóður stækkaði heldur meira, úr 59,5 ma kr. í 66,3 ma kr. í lok árs 2013 eða um 12%.
- Sjóðfélagar í árslok 2013 voru 37.498.
- Heildariðgjöld jukust um 5,2%, þar af jukust lágmarksiðgjöld um 8,3% en viðbótariðgjöld lækkuðu um 1,6%. Helsta skýring á lækkun viðbótariðgjalda er að færri eru með viðbótarsparnað en var og einnig hafa heimildir til séreignasparnaðar verið þrengdar
- Lífeyrisgreiðslur námu 3.554 m kr. og drógust saman um 439 m kr. á milli ára eða 11%. Helsta ástæðan er samdráttur á greiðslum úr séreignarsjóði, 604 m kr. lækkun á milli ára og nemur þar af aukagreiðsla 641 m kr. lækkun á milli ára. Greiðslur úr samtryggingarsjóði jukust á milli ára um 17% eða 165 m kr. Annar beinn kostnaður örorkulífeyris nam 40 m kr. og er þar um að ræða lögbundnar greiðslur til starfsendurhæfingarsjóðs sem kveður á um að greiða skuli 0,13% af iðgjaldastofni sjóðfélaga í starfsendurhæfingasjóð. Tilgangurinn er að aðstoða þá sem hafa ekki fulla starfsgetu til að koma sér aftur inn á vinnumarkaðinn og draga þannig úr örorkubyrði lífeyrissjóða.
- Rekstrarkostnaður nam 250 m kr. og jókst um 7% á milli ára. Kostnaðarhlutföll hafa verið að lækka, en auknar kröfur varðandi áhættustýringu, eftirlit og upplýsingatæknikerfi valda því að kostnaður hefur aukist.
- Á árinu 2013 var aukning í fjölda starfsmanna þar sem eignastýringateymið var styrkt til að leggja enn meiri áherslu á greiningavinnu.

Gunnar vék í umfjöllun sinni að tryggingafræðilegri úttekt sem unnin er af Talnakönnun hf. og fór yfir forsendur sem liggja að baki úttektinni.

Samkvæmt lögum um starfsemi lífeyrissjóða, þurfa lífeyrissjóðir að breyta réttindum ef heildarstaða er +/-10% af skuldbindingum eða heildar staða hefur verið á bilinu +/- 5% til 10% í lengri tíma en fimm ár. Til viðbótar við ofangreind skilyrði í lögum hefur stjórn Almenna lífeyrissjóðsins skilgreint eftirfarandi stefnu fyrir samtryggingarsjóðinn: Sjóðurinn stefnir á, að tryggingafræðileg staða sé í jafnvægi. Með því er átt við að áunnin staða, mismunur á eignum og áunnum skuldbindingum, sé innan við +/-5% af skuldbindingum og að framtíðarstaða, sem er mismunur á núvirði framtíðariðgjalda og skuldbindinga vegna þeirra, sé innan við +/- 5% af skuldbindingum.

Niðurstaða úttektarinnar er að skuldbindingar vegna áunninnar stöðu nemi 4,4% meira en eignir, að verðmæti framtíðariðgjalda nemi 1% meira en skuldbindingar vegna iðgjaldanna og það leiðir til þess að heildarskuldbindingar nema 2,2% umfram eignir og framtíðariðgjöld. Tryggingafræðileg staða Almenna lífeyrissjóðsins er því innan skil-

greindra marka í lögum og samkvæmt stefnu stjórnar sjóðsins. Til lengri tíma er æskilegt að eignir séu meiri en áunnar skuldbindingar og að heildarstaða sé einnig jákvæð. Tryggingafræðileg uppgjör eru hins vegar gerð m.v. margar gefnar forsendur og því er talið ásættanlegt að bil eigna og skuldbindinga sé +/-5%.

Gunnar vék þá í umfjöllun sinni að lánveitingum til sjóðfélaga.

Lánveitingar til sjóðfélaga námu 927 m kr. á árinu 2013 til samanburðar við 569 m kr. á árinu 2012. Jákvætt er að sjá að lánveitingar eru að aukast aftur. Gerðar voru breytingar á lánveitingum á árinu 2013. Um er að ræða nýjar lánareglur, breytingar á lánskjörum eldri lána og lögum um neytendalán.

Gunnar upplýsti enn fremur að góð ávöxtun var á árinu 2013. Ævisafn I var með 4,4% raunávöxtun, Ævisafn II 3,6%, Ævisafn III 2,5% og Samtryggingasjóður 3,7% raunávöxtun. Neikvæð ávöxtun var á Ríkissafni löngu um 1,5% og Ríkissafn stutt var með 0% ávöxtun. Innlánasafn var með 1,9% raunávöxtun á árinu 2013. Um er að ræða heldur lægri ávöxtun en annarra lífeyrissjóða sem skýrist af aðferðafræði sem beitt er við mat á eignum.

Gunnar tók fram að metnaður starfsmanna sjóðsins er að veita góða þjónustu og hagnýtar upplýsingar til sjóðfélaga og bjóða sjóðfélaga velkomna á skrifstofu sjóðsins.

Að lokum þakkaði Gunnari stjórn félagsins fyrir samstarfið á árinu og þá sérstaklega fráfarandi stjórnarformanni Sigurbirni Sveinssyni sem ákvað að gefa ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu.

### 3. Kynning á fjárfestingarstefnu sjóðsins **Kristjana Sigurðardóttir**, fjárfestingarstjóri.

Kristjana Sigurðardóttir fjárfestingarstjóri tók til máls og fór yfir fjárfestingastefnu sjóðsins. Stefna fyrir árið 2014 var samþykkt undir lok árs 2013 og helstu breytingar sem gerðar voru á fjárfestingastefnunni felast í að vægi innlendra hlutabréfa í blönduðum verðbréfasöfnum hefur verið aukið sem og viðmiðanir við val á innlendum hlutabréfum hafa verið gerðar ítarlegri.

Sjóðfélagar geta valið um sex ávöxtunarleiðir í séreignarsjóði Almenna lífeyrissjóðsins. Hægt er að velja söfn sem fjárfesta bæði í skuldabréfum og hlutabréfum. Einnig er hægt að velja innlend ríkisskuldabréf og innlend bankainnlán. Kristjana fór yfir fjárfestingastefnu í hverri ávöxtunarleið í séreignarsjóði og samtryggingarsjóði og hver eignastaðan er samanborið við fjárfestingastefnu. Fram kom að eignirnar eru frábrugðnar stefnunni og er það vegna gjaldeyrishafta. Þó er reiknað með að innlend hlutabréf verði komin á stefnu undir árslok 2014, en það fer þó eftir markaðsaðstæðum.

Kristjana vék þá umfjöllun sinni að ávöxtun ársins og eins og fram kom í umfjöllun Gunnars þá er gott ár að baki. Ávöxtunarleiðir Almenna lífeyrissjóðsins hækkuðu um 2,1% - 8,2% að nafnvirði á árinu 2013 en raunávöxtun var á bilin -1,5% - + 4,4%.

Þá upplýsti Kristjana um þróun markaða 2013, fór yfir greiningu á skiptingu á eignum á bak við innlend skuldabréf og hlutabréf og upplýsti um 10 stærstu útgefendur. Ennfremur var farið yfir erlendar eignir og skiptingu þar á bak við.

Fundarstjóri þakkaði Kristjönu fyrir yfirferðina og bauð upp á umræður og fyrirspurnir. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Að þessu loknu var ársreikningurinn tekinn til afgreiðslu og hann samþykktur samhljóða.

4. Tillaga um breytingar á samþykktum  
**Sigríður Ómarsdóttir**, skrifstofustjóri.

Sigríður Ómarsdóttir, skrifstofustjóri, gerði grein fyrir tillögum að breytingum á samþykktum.

**Grein 3.5**

„Aðild að sjóðnum fellur niður ef sjóðfélagi hefur fengið greidd réttindi eða inneign greidda að fullu eða við það að flytjast samkvæmt samskiptareglum lífeyrissjóða í annan lífeyrissjóð“

Lagt er til að fella út yfirstrikað ákvæði þar sem það á ekki lengur við.

**Grein 11.1**

„Sjóðfélagar geta valið á milli þess að ávaxta inneign sína í sjö sex verðbréfasöfnum“

Yfirstrikað orð á ekki lengur við, Ævisafn IV var sameinað við annað safn.

Lagt er til að breyta fjölda safna.

**Grein 12.6**

„Umsókn um útborgun inneignar úr séreignarsjóði skal vera skrifleg. Lífeyrisgreiðslur úr séreignarsjóði eru að jafnaði greiddar einu sinni í mánuði, fyrsta virka dag hvers mánaðar. Ef óskað er eftir eingreiðslu milli mánaðarlegra greiðslna skal útborgunin 15. dag mánaðar (eða fyrsta virka dag þar eftir ef 15. dagur er frídagur) ef beiðnin berst í fyrri hluta mánaðar en annars í byrjun næsta mánaðar með mánaðarlegum greiðslum. Hægt er að óska eftir greiðslu innan mánaðarins og greiðist hún 15. dag hvers mánaðar eða næsta virka dag. Óska þarf eftir greiðslum a.m.k. 2 virkum dögum fyrir útgreiðslu.“

Um er að ræða breytingu á orðalagi varðandi útgreiðslu úr sjóðnum og er lagt til að yfirstrikaður texti verði felldur út.

**Grein 20.2**

„~~Fullur makalífeyrir er greiddur til maka látins sjóðfélaga í minnst 30 mánuði. tvö ár og síðan helmingur makalífeyris í eitt ár þar á eftir.~~

Lögð er til breyting á greiðslu makalífeyris til einföldunar og að yfirstrikaður texti verði felldur út.

## Tillaga að nýrri grein 4.5

„Greiði sjóðfélagi af hærri árslaunum en 30 milljónum kr. til sjóðsins skal endurgreiða til séreignar sjóðfélagsins þann hluta iðgjalda hans sem greiddur hefur verið til framreiknings örorku- og makalífeyristryggingar umfram viðmiðunarmörk, sbr. grein. 19.3 og töflu 4 í kafla 6. Endurgreiðslan skal fara fram fyrir lok maí og miðast við innborguð iðgjöld vegna iðgjaldatímabila næstliðins árs. Framangreind viðmiðunarfjárhæð launa tekur breytingum í byrjun hvers árs í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í janúar 2014, 416,7“

## Grein 19.3 viðbót

„Við útreikning á meðaltali skal þó ekki reikna með hærri iðgjöldum en greidd hefðu verið af 30 milljón kr. árslaunum, sbr. grein 4.5“

## Greinargerð við greinar 4.5 og 19.3

Með grein 4.5 og viðbót við grein 19.3 er lagt til að sett verði hámarksfjárhæð á framreikningsiðgjald til örorkulífeyris. Tilgangurinn er að koma í veg fyrir að sjóðurinn lendi í því að taka á sig miklar skuldbindingar vegna eingreiðslna í tengslum við uppgjör eða greiðslu árangurstengdra launa. Ákvæði um þak á fjárhæð til framreiknings á örorku- og makalífeyrisréttindum er að finna í samþykktum nokkurra lífeyrissjóða.

Sigríður fór yfir dæmi til útskýringar.

Hugsunin að baki er að verið sé að taka á því þegar um einskiptis bónusgreiðslur er að ræða sem ekki eru hluti af mánaðarlaunum.

## Tafla 2

Ennfremur er gerð tillaga á breytingu á töflu 2 í 6. kafla samþykktanna. Tryggingastærðfræðingur hefur yfirfarið töfluna og öryggisstuðlar endurmetnir. Einnig er lagt til að sjóðfélagar geti nú frestað töku lífeyris til 72 ára aldurs. Sigríður fór yfir samanburð á tillögu að breytingu á töflu 2 við núverandi samþykktir. Ný tafla 2 fylgir fundargerð þessari sem fylgiskjal.

## Tafla 4

Samkvæmt tillögu að nýrri grein, gr. 4.5, bætist ný tafla við samþykktir sjóðsins, sem sýnir það hlutfall af iðgjöldum umfram hámark í gr. 4.5 sem greiðist í séreignarsjóð. Tafla 4 fylgir fundargerð þessari sem fylgiskjal.

## Umræður og atkvæðagreiðsla

Fyrst voru bornar upp til atkvæðagreiðslu tillögur til breytinga á greinum 3.5, 11.1 og 12.6 og voru þær samþykktar samhljóða Með öllum greiddum atkvæðum.

Næst voru bornar upp til atkvæðagreiðslu tillögur til breytinga á greinum 20.2 og 19.3 og ný grein 4.5 og ný tafla 4 og voru þær samþykktar samhljóða.

Næst var borin upp til atkvæðagreiðslu tillaga til breytinga á töflu 2 og var hún samþykkt samhljóða.

Þá var komið að 5. lið á dagskrá sem er kosning stjórnar.

## 5. Kosning stjórnar

Á ársfundinum skal kjósa tvo aðalmenn og einn varamann í stjórn til þriggja ára.  
Á fundinum lýkur kjörtímabili eftirtalinnna stjórnarmanna:

### **Aðalmenn:**

Sigurbjörn Sveinsson  
Sigríður Sigurðardóttir

### **Varamenn:**

Ingvar Baldursson

Frestur til að skila inn framboðum til aðalstjórnar fyrir ársfund rann út þann 11. mars sl.

### **Eftirtaldir gáfu kost á sér í aðalstjórn:**

**Ólafur H. Jónsson**, tæknifræðingur, rekstrar og viðskiptanám frá Endurmenntunarstofnun HÍ.

**Sigríður Sigurðardóttir**, arkitekt og verkefnastjóri.

Þar sem það bárust ekki fleiri framboð eru Ólafur og Sigríður sjálfkjörin í stjórn til næstu þriggja ára. Ólafur sat áður í varastjórn og átti eitt ár eftir af kjörtímabili sínu. Því þarf að kjósa annan varamann í stað Ólafs.

Kosning varamanna. Kjósa skal einn varamann til eins árs í staðinn fyrir Ólaf H. Jónsson og einn varamann til þriggja ára.

Tveir hafa gefið kost á sér fyrir fundinn.

**Björn Arnar Magnússon**, byggingatæknifræðingur og rekstrar- og viðskiptanám frá Endurmenntun HÍ.

**Pétur Þorsteinn Óskarsson**, yfirmaður samskipta hjá Símanum.

Til viðbótar gaf kost á sér á fundinum.

**Davíð Ólafur Ingimarsson**, sem er með BS og Mastersgráðu í hagfræði og Löggiltur verðbréfamiðlari

Fundarstjóri gaf frambjóðendum kost á að kynna sig.

### **Þá var gengið til kosninga og féllu atkvæði þannig:**

Fundurinn samþykkti að sá frambjóðenda sem fengi flest atkvæði hlyti kosningu til þriggja ára og sá sem fengi næst flest atkvæði hlyti kosningu til tveggja ára.

Heildaratkvæðamagn í sjóðnum er 138.869.653.521, afhent atkvæði á fundinum voru 1.516.585.508 eða 1,09%.

Niðurstöður voru að Davíð Ólafur Ingimarsson hlaut 39,3% greiddra atkvæða, Pétur Þorsteinn Óskarsson 35,3% og Björn Arnar Magnússon 25,4%.

Davíð Ólafur Ingimarsson telst því rétt kjörinn varamaður til þriggja ára og Pétur Þorsteinn Óskarsson til eins árs.

6. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags

Tillaga er um að Grant Thornton endurskoðun verði endurskoðendur Almenna lífeyrissjóðsins. Engar aðrar tillögur um endurskoðunarfélag bárust þannig að tillagan skoðast samþykkt.

7. Ákvörðun um laun stjórnar

Samkvæmt grein 6.7 í samþykktum er stjórn Almenna lífeyrissjóðsins launuð og ákveður ársfundur stjórnarlaun fyrir liðið starfsár.

Fundinum barst eftirfarandi tillaga fyrir árið 2013:

Laun stjórnarmanns verði kr. 80.000 á mánuði. Formaður fái tvöföld laun eða kr. 160.000 á mánuði og varaformaður ein og hálf laun eða kr. 120.000 á mánuði. Varamenn fá greiddar kr. 80.000 fyrir hvern setinn fund. Þetta er tillaga um 6,7% hækkun frá síðasta ári en þá voru stjórnarlaun samþykkt óbreytt frá árinu 2011.

Benedikt Jóhannesson óskaði eftir að fá að taka til máls.

Benedikt vildi koma á framfæri skoðun sinni að stjórnarlaun í Almenna lífeyrissjóðnum séu allt of lág og lagði til að stjórnarlaun séu kr. 100.000 á almennan stjórnarmann, tvöföld á formann stjórnar og ein og hálf á varaformann stjórnar.

Greidd voru atkvæði um breytingatillöguna og samþykkti meirihluti tillögu Benedikts með 23 atkvæðum á móti 6.

8. Önnur mál.

Stjórnarformaður óskaði eftir orðinu. Stjórn hefur rætt hvaða leiða mætti leita til að auka þátttöku sjóðfélaga í ársfundi sjóðsins. Í dag eru mættir sjóðfélagar fyrir 1,09% af heildaratkvæðamagni og því vill stjórn bera upp eftirfarandi tillögu og mælir stjórnarformaður með því að hún sé samþykkt.

**Formaður stjórnar ber fram eftirfarandi tillögu stjórnar um ályktun ársfundar:**

„Ársfundur Almenna lífeyrissjóðsins, haldinn í Reykjavík þriðjudaginn 18. mars 2014, felur stjórn að gera tillögur til næsta ársfundar um breytingar á samþykktum sjóðsins, sem gerir kleift, að sjóðfélagar geti með rafrænum hætti tekið þátt í atkvæðagreiðslum um þau málefni, sem fundurinn þarf að afgreiða og greitt rafrænt atkvæði við stjórnarkjör.

Ennfremur felur fundurinn stjórninni að endurmeta gildandi takmörk á þeim umboðum, sem einstakir sjóðfélagar geta tekið með sér á ársfund og gera tillögur um breytingar, ef nauðsynlegar þykja.“

Ingvar Baldursson, varastjórnarmaður, óskaði eftir orðinu.



Ingvar hvatti fundarmenn til að samþykkja ofangreinda tillögu og vildi þar að auki koma eftirfarandi á framfæri.

Samkvæmt samþykktum sjóðsins er hámarksatkvæðaréttur eins sjóðfélaga miðaður við rúmlega 87 millj. kr. Telur Ingvar það of hátt og leggur fram eftirfarandi tillögu:

„Að skoðað verði af hálfu stjórnar sjóðsins hvort skynsamlegt sé að lækka hámarks atkvæðisrétt eins sjóðfélaga“.

Fram kom hjá Ingvari sú hugmynd að sjóðfélagi sem greitt hefur t.a.m í sjóðinn í 20 ár og er á aldrinum 45 - 50 ára, sé kominn með hámarksatkvæðarétt.

Gengið var til atkvæðagreiðslu um framangreindar tillögur og eru fyrst greidd atkvæði um fyrri tillögu varðandi rafræna kosningu.


Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

Síðan var greitt atkvæði um tillögu Ingvars um hámarksatkvæðarétt.

Tillagan var samþykkt með 20 atkvæðum gegn 9.

Fundarstjóri óskaði eftir heimild fundarins til að fundarritari gangi frá fundargerð í samráði við fundarstjóra.

Fleiri atriði lágu ekki fyrir fundinum og var honum slitið um kl. 19.00.

  
Ólafur Guðmundsson